

Stefna Fylkis




Stefna Fylkis

Fylkir vill efla líkamlegt og andlegt heilbrigði iðkenda sinna og stuðla þannig að bættri líðan barna jafnt sem fullorðinna á félagssvæði sínu.

Ungt fólk verði hvatt til að prófa mismunandi íþróttir og þannig verði unnið gegn brottfalli.

Fyrir yngri aldursflokka verði áhersla lögð á uppbyggilega skemmtun og leik samhliða grunnkennslu í öllum greinum félagsins. Eldri iðkendur geta valið milli þátttöku í afreksstefnu eða þátttökustefnu samkvæmt skipulagi viðkomandi deilda.

Allir á félagssvæði Fylkis skulu hafa sömu möguleika til iðkunar án tillits til fjárhagslegrar stöðu heimilis, búsetu, litarháttar, trúarbragða o.s.frv.



Uppeldisstefnan gengur út á að iðkendur taki þátt í sem flestum greinum félagsins. Þessari nýju stefnu er ætlað að skila ánægðari og heilbrigðari iðkendum, minnka brottfall þeirra á viðkvæmum aldursskeiðum og jafnframt að styrkja afreksstefnu félagsins til lengri tíma litið.

Þáttökustefnan gengur út á að iðkendur geti stundað íþróttir hjá félaginu án þess að þurfa að mæta 100% og án þess að taka þátt mótum sé það vilji iðkanda. Með því móti er hægt að lengja íþróttaiðkun þeirra iðkenda sem einhverra hluta vegna geta ekki stundað íþróttina 100%.

Afreksstefnan er fyrir þá einstaklinga sem skara framúr og stefna á að keppa fyrir Íslands hönd. Afreksstefnan er einnig mikilvæg til að búa til keppendur á hæðsta stigi sem keppa fyrir hönd Fylkis á hæðsta stigi á sterkustu mótum landsins.

Félagsstefnan er mikilvæg á öllu stigi starfsins þar sem hlutir eins og samvinna, samstaða og samkennd spila stóran þátt ásamt öðrum sem þarf að vera til staðar til að ná árangri í hóp. Markmið félagsstefnunnar er líka að öllum iðkendum líði vel og finni fyrir öryggi í starfi félagsins, nái líka að blómstra fyrir utan sjálfa íþróttaiðkunina.

Framtíðarsýn Fylkis

Fylkir verði eitt virtasta íþróttafélag landsins fyrir árangursríka og faglega uppbyggingu íþrótt- og félagsstarfs á félagssvæði sínu.

Allir íbúar hverfisins eiga sinn vettvang innan félagsins, bæði tengt íþróttum og félagsstarfi.

Uppeldis- afreks- og þátttökustefna félagsins skili ánægðari og heilbrigðari iðkendum samhliða minna brottfalli frá félaginu.

Félagsstarf félagsins verði eins og best verði á kosið og snúi að iðkendum, forráðamönnum og hinum almenna félagsmanni.

Samstarf við foreldra verði eins gott og kostur er. Að foreldrar sjái það sem spennandi kost að taka þátt í starfi félagsins.

Samstarf Fylkis við hverfissskóla tryggji öllum börnum á aldrinum 6-16 ára möguleika til þátttöku í íþróttum.

Félagið eigi einnig gott samstarf við leikskóla hverfisins.

Félagið búi yfir breiðum hópi afreksfólks sem hefur flest alist upp hjá Fylki.

Fylkir á í góðu samstarfi við önnur félög og stofnanir innan hverfisins.

Aðstaða Fylkis, jafnt mannvirki sem vellir, tryggja iðkendum, þjálfurum og áhorfendum aðstöðu á við það besta sem þekkist.

Árangursríkt íþróttastarf

Á fjölmönnum vinnufundi Fylkis vegna þessarar stefnumótunar flutti Viðar Halldórsson lektor í íþróttafélagsfræði við Háskólann í Reykjavík erindi um árangur í íþróttastarfi. Hér kemur erindi hans í heild sinni.

Íþróttafélög í landinu hafa í stórum dráttum tvenns konar hlutverk. Annars vegar uppeldislegt, þar sem þau sinna uppeldi stórs hóps barna og ungmenna, og hins vegar keppnislegt, þar sem lögð er áhersla á að skapa afburða íþróttafólk.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á íslenskum ungmönnum hafa ítrekað sýnt fram á jákvætt gildi íþróttar er varðar hina uppeldislegu þætti (Rannsóknir & greining). Þau ungmenni sem stunda reglulega íþróttir í íþróttafélögum eru til að mynda í góðu líkamlegu formi og með góða líkamsímynd, þau hafa gott sjálfstraust og góða sjálfsímynd, þeim líður almennt vel, þeim gengur vel í skóla og hafa sterk félagsleg tengsl auk þess að vera ólíklegri, en ungmenni utan íþróttar, til að nota vímuefni og tóbak. En þrátt fyrir þessi jákvæðu tengsl íþróttar við lífsstíl ungs fólks þá er siðferðisbilningur þeirra ekki alltaf góður. Í nýrri könnun frá 2006 má sjá að riflega þriðjungur pilta sem æfa íþróttir 4x eða oftar í viku eru sammála því að stundum verður að brjóta leikreglur í íþróttum til að ná árangri. Svipað hlutfall pilta er sammála því að þeir væru tilbúnir til að meiða andstæðing til að sigra. Þetta eru greinileg merki um það sem fræðimenn hafa nefnt "atvinnuvæðingu leiks (the professionalization of play)".

Á undanförunum árum hafa ýmsir sem starfað hafa að íþróttum barna og ungmenna skynjað ákveðnar áherslubreytingar í viðhorfum til íþróttar barna og ungmenna. Sú áherslubreyting felst í stórum dráttum í því að í minni mæli er litið á íþróttir yngstu þátttakenda sem leik heldur er áherslan komin á keppni. Með keppnisáherslu að leiðarljósi hefur verið farið að beita þeim aðferðum sem atvinnumenn í íþróttum hafa tileinkað sér á börn og ungmenni í þeim tilgangi að búa til afreksfólk framtíðarinnar. Sú áherslubreyting er m.a. sýnileg í aukinni sérhæfingu barna í einni íþróttgrein, áherslu á að sigra, sem og áherslu á líkamlega hæfileika. Íþróttir barna og ungmenna eru orðnar alvörugefnari þar sem siðferði lýtur fyrir sigrum. Þessar áherslur eru ekki börnunum okkar til góða og leiða því síður til árangurs í íþróttum þegar til lengri tíma er litið.

Rannsóknir sýna nefnilega að þau börn, sem hafa stundað margar íþróttagreinar fram að kynþroskaaldri, standa sig almennt betur í íþróttum. Þau eru ólíklegri til að lenda í meiðslum og þau eru lengur í íþróttum en þau börn sem sérhæfa sig og leggja áherslu á eina íþrótt frá unga aldri. Með öðrum orðum þá dregur fjölbreytt

Íþróttaiðkun barna úr brottfalli úr íþróttum. Einnig mælir nefnd á vegum bandarískra barnalækna (AAP) gegn sérhæfingu á unga aldri. Hún ályktaði að fjölþætt íþróttaiðkun væri iðkendum til góða þar sem hún stuðlaði að líkamlegu heilbrigði og auknum hreyfiproska þar sem iðkendur öðlast færni í ýmsum íþróttum frekar en sérhæfingu í einni íþróttagrein. Þau börn sem hafa fjölþættan bakgrunn í íþróttum eru líklegri til að verða afreksmenn í íþróttum en þau sem fara leið ótímabærrar sérhæfingar.

Rannsóknir sýna almennt, að sérhæfing í íþróttum eigi ekki að byrja fyrr en iðkendur eru komnir á kynþroskaaldur. Við kynþroskaaldur eru börnin okkar farin að þroskast, líkamlega og andlega, til að geta tekið ákvörðun um hvaða íþrótt þau vilji leggja áherslu á og sérhæfa sig í.

Áhugi barna og ungmenna á íþróttum byggist fyrst og fremst á svokallaðri innri áhugahvöt, þ.e. að iðkandinn sé að stunda íþróttina á eigin forsendum, vegna þeirrar ánægju sem hún veitir, en ekki vegna utanaðkomandi þátta eins og pressu frá foreldrum og vinum, eða vegna efnislegra gæða eins og verðlauna. Iðkendur sem stunda íþróttir á eigin forsendum eru líklegir til að viðhalda íþróttaiðkun til lengri tíma og eru einnig líklegir til að ná árangri í sínum greinum. Ný rannsókn sem undirritaður gerði á íslensku afreksfólki í íþróttum staðfestir þetta. Afreksfólkið okkar á sameiginlegan þennan mikla innri áhuga á íþróttinni. Þetta íþróttafólk hefur lagt hart að sér, fært miklar fórnir og lagt sig í hlutina af lífi og sál vegna áhuga og þeirrar ánægju sem af ástunduninni hefur hlotist frekar en vegna utanaðkomandi þátta.

Besta leiðin til þess að höfða til áhuga barna okkar er því að leyfa þeim að gera það sem þeim sjálfum þykir skemmtilegt. En því miður eru börn oft á tíðum í íþróttum á röngum forsendum. Foreldrar senda börnin í sínar eigin uppáhaldsíþróttir og ætla þeim oft að vinna sigrana, sem þeir sjálfir gátu ekki unnið í íþróttum á yngri árum. Foreldrar eru með því að leggja óæskilega pressu á börnin sín sem gera allt sem þau geta til að þóknast foreldrunum. Þessi utanaðkomandi þrýstingur frá foreldrum og þjálfurum um árangur í íþróttum virkar því oftast neikvætt í íþróttum barna og ungmenna því hann höfðar fyrst og fremst til ytri áhugahvatar þeirra. Börn sem eru í íþróttum á slíkum forsendum eru líkleg til að hætta fyrr en síðar í íþróttum og eru ekki líkleg til að sýna þá skuldbindingu sem nauðsynleg er til að ná mælanlegum árangri í íþróttum til lengri tíma. Áðurnefnd rannsókn styður einmitt erlendar rannsóknir sem sýna að þeir íþróttamenn sem urðu síðar afreksmenn í íþróttum áttu mun frekar „afslappaða“ foreldra, þ.e. foreldra sem voru ekki að beita börnin sín pressu á að ná árangri. Stundum er því sagt að þau börn sem eigi foreldra sem ætli að gera þau að íþróttastjörnum verði það einmitt ekki!

Þessu tengt er athyglisvert að skoða hvaða mælikvarða við notum til að meta afrek og árangur í íþróttum. Telst það eingöngu til afreka að sigra á stórum mótum, verða landsliðsmaður í sinni íþróttagrein eða jafnvel atvinnumaður? Er sigurinn allt? Eða er kannski hægt að skilgreina afrek á fleiri vegu? Á þann hátt sem gerir öllum kleift að ná árangri, óháð líkamlegum hæfileikum? Ef barnið fær jákvæða upplifun úr íþróttum og er að taka þátt í einhverju sem því þykir skemmtilegt þá er það líklegt til að tileinka sér öll þau jákvæðu og eftirsóknarverðu gildi sem fylgja iðkun íþróttar. Er það ekki stórt afrek í sjálfu sér að börnin okkar taki þátt í jákvæðum og heilbrigðum tólmstundum? Að þau séu í góðu líkamlegu formi, með gott sjálfstraust, eignist góða vini, séu lífsglöð, standi sig vel í námi og neyti ekki vímuefna? Jú það er svo sannarlega glæsilegur árangur! Rannsóknir hér á landi hafa einmitt ítrekað sýnt fram á að slíkir þættir eru algengir fylgifyiskar þeirra barna og ungmenna sem þátt taka í íþróttum. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú á tímum þar sem ýmsir kyrrsetuþættir eru að verða algengari, mataræði að versna, offita og hreyfingarleysi að verða útbreidd vandamál og neysla vímuefna að færast neðar í aldursstigann. Minnumst þess að það er ekki sjálfsagt að börnunum okkar farnist vel á þessum viðkvæmu árum. Í þessum þáttum er mikilvægi íþróttafélaga hvað mest. Að skapa uppbyggilegt og heilbrigt umhverfi fyrir börn og ungmenni með tilliti til þroska þeirra og áhuga þar sem allir geta notið sín en ekki útfrá ísköldum reiknilíkönunum afreksíþróttar þar sem áherslan er eingöngu á þá bestu.

Hér er um lifandi plagg að ræða sem tekur mið af samfélagi félagsins.